

1. Fundur Stjórnar Beint frá Býli haldin í Baulu 8. október 2014 kl 16:45

Mættir eru allir aðalmenn, Guðmundur Jón Guðmundsson, Heidi Laubert Andersen og Þorgrímur Einar Guðbjartsson, sem ritaði fundargerð. Einnig sátu fundinn varamenn, Jóhanna B. Þorvaldsdóttir og Hanna Kjartsansdóttir.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Eftirfarandi var tekið fyrir og færð til bókar:

- 1 Umsóknir um félagsaðild.
Gunnarshólmi, eru með velferðarkjúklingaframleiðslu – Samþykkt
Sogn í Kjós, nautakjöt og fl – Samþykkt
Hagi II Barðarströnd, nautakjöt og fl – Samþykkt
Hlíðartún Borgarfyrði Eystra, Nauta- og kindakjöt – Samþykkt.
- 2 Sauðamjólk- Erindi frá Syðri Haga, vegna samskipta við Héraðsdýralækni Norðausturlands um leyfi eða ekki leyfi til að framleiða og selja vörur úr sauðamjólk. Stjórn hefur borist tölvupóstsamskipti milli Syðri haga og héraðsdýralæknis Norðausturlands. Stjórn samþykkir að fela formanni að hlutast til um að fá aðstoð Lögfræðistofu Reykjavíkur við að vinna þetta mál með Bfb og Syðri Haga.
- 3 Lögfræðistofa Reykjavíkur. Formaður hefur verið í sambandi við Lögfræðistofuna um að aðstoða okkur við að finna flöt á málum Holtfels, Syðri Haga og fleyri, sem leitað hafa til félagsins vegna ósamræmis í túlkunum mismunandi héraðsdýralækna á reglugerðum sem hafa með heimavinnslu að gera.
- 4 Forgangsröðun smáframleiðenda gagnvart Mast.
Eftir fundinn með Mast í vor var áhveðið að Bfb myndi setja saman hugmynd að forgangsröðun vinnu Mast gagnvart heimavinnsluaðilum.
Stjórn telur að eitt af brynustu atriðunum sé að fá lausn í málefni vinnslu á afurðum úr Sauða- og Geitamjólk.
Einnig að gerðar verði reglur um heimild til sölu á heimaöldum alifuglum (öndum/gæsum/kjúklingum), slátrað heima á bæ afhent beint til neytenda án frumvinnslu.
Ljúka þarf skilgreiningu á hvað fellur undir 852 og hvað undir 853
Spurning er hvort að ekki ætti að taka umræðu um það að einn og sami aðili sjái um allt eftirlit með heimavinnsluaðilum á landinu, til að tryggja að sömu viðmið séu virt á sambærilegum vinnslustöðvum.
Koma því til leiðar að sami aðili taki út framleisluaðstöðu og söluaðstöðu, heima á bæ.
- 5 Önnur mál:
 - A Bfb hefur verið boðið að koma að markaði í Gamla Kaupfélagshúsinu í Mosfellsbæ. Stjórn áhveður að afþakka frekari aðkomu að því verkefni.
 - B Bfb hefur verið boðið að koma að undirbúningi og þátttöku á Jólamarkaði með Hestamannafélaginu Spretti í Kópavogi, sem fram myndi fara í reiðhöll félagsins.

Stjórn áhvað að koma ekki að því máli.

- C Stjórn Bfb gerir alvarlegar athugasemdir við afgreiðslu sumra sláturleyfishafa á geitfjárafurðum til heimtöku.
- D Bfb fjárfesti í litlum seglum með lógói Bfb sem notaðir voru sem auglýsingar á handverkshátíðinni á Hrafnargili í ágúst sl.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 19.15

Þorgrímur Einar Guðbjartsson, ritari

Guðmundur Jón Guðmundsson

Heidi Laubert Andersen

Jóhanna B. Þorvaldsdóttir

Hanna Kjartansdóttir